**Um útgáfuráð og ritstjóra**

Útgáfuráð Þroskaþjálfafélags Íslands kýs sér formann og ritara á fyrsta fundi eftir aðalfund. Formaður útgáfuráðs er ritstjóri blaðsins þar til annað verður ákveðið. Ritstjóri fær greitt fyrir sem svarar eins mánaðar vinnu fyrir hvert blað.

Starfssvið ritstjóra er:

- Að hafa samband við þroskaþjálfa vegna greinaskrifa, hann sér einnig um að fylgja málum eftir.
- Að finna fólk til að ritrýna greinar.
- Að taka viðtal/viðtöl og búa þau til birtingar í Þroskaþjálfanum.
- Að leita eftir erlendu efni sem myndi henta til birtingar í Þroskaþjálfanum, þýða greinar eða finna þýðanda. Ritstjóri aflar leyfis höfundar til þýðingar og birtingar.
- Að kalla saman fundi útgáfuráðs og sjá um samskipti við stjórn ÞÍ.
- Að sjá um samskipti við prentsmiðjur og aðra vegna prentunar blaðsins.

Starf útgáfuráðs er eftir sem áður að leggja línur varðandi efni í blaðið og útlit þess. Meðlimir útgáfuráðs lesa greinar m.t.t. efnis og frágangs. Útgáfuráð tekur ákvarðanir varðandi blaðið.